

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 55/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2303 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilgreiningarnar á og samræma viðbótareftirlitið með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31eaa (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2014) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31eab. **32015 R 2303**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2303 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilgreiningarnar á og samræma viðbótareftirlitið með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu (Stjtíð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/2303, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB 326, 11.12.2015, bls. 34.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING